

Sent Umhverfisstofnun

Reykjavík 18. ágúst 2003
2003070016/016-1
EÓ/hj

Reglugerð um eyðingu meindýra. Athugasemdir við drög

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að reglugerð um eyðingu meindýra. Dr. Erling Ólafsson skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir þessi drög fyrir hönd stofnunarinnar. Athugasemdir Erlings eru eftirfarandi.

- I.3** *Skráð:* "...valdið tjóni í eða við hýbýli manna og húsdýra, ..."
Aths: Hýbýli/híbýli merkir mannabústaður. Því er ekki talað um hýbýli húsdýra.
- I.3** Í upptalningu við skilgreiningu meindýra er ekki tekið til skaðvalda í skrautblómarækt sem nær hvort tveggja til gróðurhúsa og heimila.
- II.4** *Skráð:* "... s.s. háskólapróf í raungreinum, eða þátttaka í sérhæfðum námskeiðum sem samþykkt eru af Umhverfisstofnun".
Aths: Þetta þykir undirrituðum afar breitt bil og furðulega langt á milli krafna, þ.e. allt frá háskólaprófi og niður í nokkurra daga námskeið sem í dag krefst ekki einu sinni grunnskólaprófs. Þett þarf að hugsa miklu betur. Satt best að segja er löngu orðið tímabært að fara ofan í kjölinn á þeim námskeiðum sem til þessa hafa verið haldin vegna leyfisveitinga til meindýraeyðinga. Námskeiðin gera ekki þær kröfur til þátttakenda að þeir læri nokkurn skapaðan hlut eða standi skil á þekkingu sinni með því að undirgangast próf að námi loknu. Það er óviðunandi með öllu ef ekki verður tekið á þessum þætti nú við útgáfu þessarar reglugerðar. Það er ábyrgðarhluti að fara með eiturefni inn á heimili fólks og í fyrirtæki sem framleiða matvæli og vörur fyrir heimili og í húsagarða. Undirritaður á í sarpi sínum ótal dæmisögur sem sanna að ýmsir nústarfandi meindýraeyðar eru afar fákunnandi, þrátt fyrir að hafa sótt námskeið, og bera jafnvel ósannindi á borð viðskiptamanna sinna til að tryggja sér viðskipti. Vinnubrögð þeirra eru stundum furðuleg og óviðunandi og sanna vankunnáttu viðkomandi á líffræði meintra meindýra, sem sum hver falla

jafnvel engan veginn að skilgreiningu slíkra. Undirritaður mælist því til þess að meindýraeyðafni framtíðar leggi fyrir sig alvörunám í fræðunum sem t.d. mætti hýsa hjá Endurmenntunarstofnun eða ekki síður í Garðyrkjuskóla ríkisins. Standi þeir síðan skil á þekkingu sinni með því að gangast undir próf og standast það. Undirritaður mælist einnig til þess að þeir sem þegar hafa réttindi til starfans verði kallaðir inn til endurnáms og standist próf að því loknu. Verði þeim gefinn ákveðinn árafjöldi til að fullnægja þessari kröfu, í öðru falli munu réttindi þeirra falla niður. Ríkjandi ástand er með öllu óviðunandi og bráðnauðsynlegt að koma þessari starfsemi á hærra plan. Í stöðu minni sem skordýrafræðingur á NÍ fæ ég sí og æ kvartanir frá fólki úti í samfélaginu sem er ósátt við samskipti sín við þessa “sérfræðinga”. Það er ljóst að hér er farið fram á stórt átak og kostnaðarsamt og þar af leiðandi dýrt nám. En það skal ítrekað að mál er að þessu ófremdarástandi linni og starfinu verið lyft á faglegt plan og um leið til virðingar.

II.5 *Skráð:* “Starfsmaður fyrirtækis sem hefur starfsréttindi meindýraeyðis og þarf ekki sérstakt starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna slíkra starfa hjá fyrirtækinu.”

Aths: Þetta er óviðunandi með öllu. Að sjálfsögðu skulu allir einstaklingar sem fara um með hættuleg eiturefni sækja nám það sem mælt er til hér að ofan og sanna þekkingu sína á málefninu með því að standast próf. Annað er óásættanlegt og bíður upp á að meindýraeyðir með réttindi geti ráðið til sín vikaþilta sem sjá um að framkvæma verkin án tilskilinnar kunnáttu.

III.8 *Aths:* Upphafsmálgrein er afar mikilvæg, þar sem ótal dæmi eru um óþarfar aðfarir af hálfu meindýraeyða sem að sjálfsögðu byggir á vankunnáttu. Á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur almenningi og meindýraeyðum árum saman verið boðið upp á þá þjónustu að tegundagreina smádyr, - gegn gjaldi. Eitt meindýravarnafyrirtæki notar þessa þjónustu reglulega, önnur nánast aldrei eða aldrei. Undirritaður gerir ekki ráð fyrir að þau búi yfir það mikilli fagþekkingu að þau geti starfað að fullum heilindum með því móti. Nýlega tók ónefndur meindýraeyðir upp á því að auglýsa skordýragreiningar og sérfræðiráðgjöf. Ég undirritaður þekki þokkalega til viðkomandi og fullyrði að kunnátta hans er afar slæg.

Skráð: “Meindýraeyðir ber að gæta ítrustu varúðar við störf sín og tryggja að útrýmingarefni valdi ekki tjóni á mönnum eða dýrum, öðrum en meindýrum....”

Aths: Undirritaður tekur heilshugar undir þetta atriði og bendir um leið á að með þessari klásúlu er tekinn af allur vafi um að aðför að starahreiddum með eggjum og ungum í þeim tilgangi að eyða flóm er óhæfuverk, enda fuglinn friðaður skv. dýrafriðunarlögum og fellur ekki undir skráða skilgreiningu á meindýrum í reglugerð þessari. Því miður er mikið um að meindýraeyðar og aðrir brjóti gegn þessari klásúlu. Á því er vakin athygli. Allt önnur vinnubrögð skulu því viðhöfð gegn flóafári.

III.10 *Skráð:* “Meindýraeyðum ber að eyðingu lokinni að gera skýrslu um verkið. Skýrslueyðublöð fást hjá Umhverfisstofnun en heimilt er að nota önnur skýrslueyðublöð...”

Aths: Hér er á ferð mikilvæg nýbreytni, þ.e. skýslugerðin. Hins vegar sér undirritaður ekki ástæðu til að heimila notkun á öðrum eyðublöðum en þeim sem UST kemur til að láta semja og standa fyrir. Mismunandi útgáfur torvelda mjög að halda utan um þessa starfsemi og alla úrvinnslu. Legg því áherslu á að notuð verði aðeins **ein** stöðluð útgáfa. Ítrekað skal að fram komi á skýrslunni hver meinsemdin var og hvaða aðili ákvarðaði hana.

Skráð: “Meindýraeyðir skal afhenda verkkaupa skýrsluna...”

Aths: Þetta er gott mál þar sem oft hefur undirritaður kynnst málum af því tagi að viðskiptavinir hafi ekkert í höndunum um misheppnaðar aðgerðir. Slík skýrsla gefur þeim nefnilega færi á vinna málið áfram og leita umsagnar annarra fagmanna. Hins vegar hef ég efasemdir um að heilbrigðisnefndir allar með tölu geri eitthvað með samantektir skýrslna í árslok. Mælist til að slíkt eftirlit verið gert styrkara, t.d. innan veggja UST.

Aðrar athugasemdir ekki gerðar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS